

Aðalfundur
Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.
fyrir árið 2016

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ, þann 27. júní 2017 og hófst kl. 13:30.

Mættir eru: Jón Gunnar Vilhelmsson fyrir hönd hluthafa, Hafsteinn Hafsteinsson, Steinunn Sigvaldadóttir, Georg Brynjarsson, Sigurður Kári Kristjánsson stjórnarformaður, Fjóla Hrund Björnsdóttir stjórnarmaður, Sigrún Árnadóttir stjórnarmaður, Kjartan Þór Eiríksson framkvæmdastjóri, Marta Jónsdóttir, Ásta Lárusdóttir og Anna Steinunn Jónasdóttir aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2016.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ráðstöfun á hagnaði/tapi og greiðslum á arði.
7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Marta Jónsdóttir var kosin fundarstjóri fundarins.

Anna Steinunn Jónasdóttir var kosin fundarritari fundarins.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2016.

Hagnaður ársins var kr. 1.188.238.803,- og niðurstaða efnahagsreiknings Þróunarfélagsins var kr. 13.397.276.358,- og niðurstaða samstæðu var kr. 10.558.075.494,-. Ársreikningurinn var lagður fram og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Georg Brynjarsson, kt. 281080-3779, Gláðheimum 18, 104 Reykjavík.

Hafsteinn Hafsteinsson, kt. 130565-5499, Grandavegi 42G, 107 Reykjavík,

Steinunn Sigvaldadóttir, kt. 020367-3349, Bakkabraut 5D, 200 Kópavogi

Til vara var kjörinn:

Hrafn Hlynsson, kt. 170386-3109, Safamýri 21, 108 Reykjavík.

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykkt félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var gerð um að greiða ekki út arð og að hagnaður ársins yrði fluttur til næsta árs. Það var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2017 að laun formanns verði óbreytt frá fyrra ári kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 13.50.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.